# Fjárfestakynning Klappa 2019

Jón Ágúst Þorsteinsson
forstjóri Klappa

KLAPPIR

Snjallar hugbúnaðarlausnir fyrir umhverfismál

Umsjónaraðili

centra CORPORATE FINANCE

Kynning mars 2019

©Klappir. All rights reserved.

# Áskorun þjóða í loftslagsmálum



Parísarsamkomulagið um loftlagsbreytingar sem gert var í nóvember 2015 er áskorun til einstaklinga, heimila og fyrirtækja um að taka virkan þátt í aðgerðaráætlunum hverrar þjóðar í loftlagsmálum. Mikilvægustu þættir samkomulagsins eru:

1. Að draga úr útblæstri nógu hratt til að ná markmiðum um að hægja á hlýnun jarðar
2. **Gegnsætt upplýsingakerfi á heimsvísu, umhverfisuppgjör fyrir aðgerðaráætlanir þjóðríkjanna**
3. Aðlögun – efla getu landa til að takast á við afleiðingar loftlagsbreytinga
4. Tap og skaði – efla getu landa til að endurheimta náttúruverðmæti sem hafa horfið vegna loftlagsbreytinga
5. Stuðningur – þ.m.t. fjárhagslegur til þjóða til að byggja hreina varanlega framtíð

Eftir Parísarsamkomulagið kalla allar greinar atvinnulífs og stjórnvöld eftir heildstæðum umhverfislausnum sem lágmarka kostnað við að mæta alþjóðlegum skuldbindingum og rekstrarlegum áskorunum.

- Skipafélög vilja leysa umhverfismál hafna, skipa, bíla og húsnæðis með samhæfðum hugbúnaði.
- Sjávarútvegsfyrirtæki vilja geta gert umhverfisgreiningar út frá gögnum frá fiskimjölsverksmiðjum, bílum, skipum og fiskvinnslum.
- Ýmis framleiðslufyrirtæki vilja geta haldið utan um og haft yfirsýn yfir heita- og kaldavatnsnotkun, rafmagnsnotkun og magn úrgangs og gert ráðstafanir í framhaldinu til að draga úr notkuninni.
- Ríki og sveitafélög þurfa að ná heildarmynd af vistspori innviða á borð við samgöngur, atvinnustarfsemi, íbúðabyggðir og opinberra þjónustu.

©Klappir. All rights reserved.

# Hlutverk Klappa

Vörur og þjónusta samstæðunnar gera viðskiptavinum, sem eru fyrirtæki í öllum greinum atvinnulífs og stjórnvöldum á öllum stigum stjórnsýslu kleift að:

- Draga úr umhverfisáhrifum, mæla vistspor ásamt því að miðla umhverfisupplýsingum innan virðiskeðjunnar og til stjórnvalda eftir þörfum, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.
- Draga úr rekstrarkostnaði eininga sem nota orku og/eða mynda úrgang ásamt því að draga úr kostnaði við stjórnsýslu og eftirfylgni.
- Varða og tryggja lögfylgni, auka gegnsæi upplýsinga um áhrif starfsemi fyrirtækja á umhverfið og búa til öruggt og traust umhverfisuppgjör.
- Miðla upplýsingum um árangur til hlutaðeigandi aðila í samræmi við samfélagslega ábyrgð.

KLAPPIR

KLAPPIR
Snjallar hugbúnaðarlausnir fyrir umhverfismál

Fleiri en 200 notendur
NOTA HUGBÚNAÐ KLAPPA

UMHVERFISSTJÓRNUN
12,3%
ORKUSPARNAÐUR
FRÁ 2015 TIL 2018




| Tekjur | EBITDA | EBITDA % |
|---|---|---|
| **242** m.kr | **34** m.kr | **14 %** |

| Eigið fé | Eiginfjárhlutfall | Veltufjárhlutfall |
|---|---|---|
| **251** m.kr | **73 %** | **4,7** |

UM ÞAÐ BIL
20 ÁRSVERK
UNNIN Í KLÖPPUM






YFIR
300
HLUTHAFAR




©Klappir.  All rights reserved.

# Við vinnum með öllum greinum atvinnulífs, sveitarfélögum og stofnunum

Sjávarútvegsfyrirtæki
Flutningarfyrirtæki
Flugfélög
Framleiðslufyrirtæki
Þjónustufyrirtæki
Veitu og orkufyrirtæki
Sveitarfélög
Hafnir
Opinberir aðilar

Hugbúnaður Klappa er aðlagaður að alþjóðlegum kerfum, t.d.

- Greenhouse Gas Protocol,
- ISO 14001,
- MRV, DCS og CORSIA
- MARPOL Annex I-VI

# Við notum alþjóðlega aðferðafræði

©Klappir.  All rights reserved.

# Við tengjum samfélög

Fyrirtæki, borgir og sveitarfélög og ríki vinna saman að umhverfismálum



# Stafræn tækni Klappa

tryggir skilvirkni, áreiðanleika og gagnsæi umhverfisupplýsinga í gegnum virðiskeðjuna






KLAPPIR

# Umhverfissamfélag Klappa á Íslandi






©Klappir. All rights reserved.

# Stöðluð umhverfisuppgjör

## auka gagnsæi og tryggja samanburðarhæfi




| Umhverfisuppgjör (E) | | Ár | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Eining | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 |
| **Losun gróðurhúsalofttegunda** *(E1 \| UNGC-P7 \| GRI 305-1,305-2,305-3)* | | | | | |
| Umfang 1 | tCO2í | 112,3 | 102,2 | 108,5 | 74,9 |
| Umfang 2 (landsnetið) | - | - | - | - | - |
| Umfang 2 (með afskráningu upprunaábyrgða) | - | 2.139,4 | 232,9 | 261,8 | 214,7 |
| Umfang 3 | - | 1.952,5 | 2.469,3 | 2.453,5 | 1.991,5 |
| **Heildarlosun umfanga 1, 2 og 3** | **tCO2í** | **4.204** | **2.804** | **2.824** | **2.281** |
| Mótvægisaðgerðir | - | - | - | - | - |
| Kolefnisspor að frádregnum mótvægisaðgerðum | tCO2í | 4.204 | 2.804 | 2.824 | 2.281 |
| **Kolefniskræfni** *(E2 \| UNGC-P7 \| GRI 305-4)* | | | | | |
| Kolefniskræfni orku | tCO2í/MWst | 0,23 | 0,13 | 0,14 | 0,14 |
| Kolefniskræfni starfsmanna | tCO2í/fj. | - | - | - | 0,59 |
| Kolefniskræfni tekna | tCO2í/ISK mlja. | - | - | - | 4,12 |
| Kolefniskræfni heildareigna | tCO2í/ISK mlja. | - | - | - | - |
| **Bein og óbein orkunotkun** *(E3 \| UNGC-P7 \| GRI 302-1, 302-2)* | | | | | |
| Heildarorkunotkun | kWst | 18.584.802 | 21.389.532 | 20.290.457 | 15.795.646 |
| Þar af vegna jarðefnaeldsneytis | - | 437.191 | 397.947 | 422.815 | 291.465 |
| Þar af vegna raforku | - | 13.356.729 | 15.656.745 | 15.569.436 | 14.467.141 |
| Þar af vegna heitavatns | - | 4.790.882 | 5.334.840 | 4.298.206 | 1.037.040 |
| **Orkukræfni** *(E4 \| UNGC-P7 \| GRI 302-3)* | | | | | |
| Orkukræfni hvers stöðugildis | kWst/fj. | - | - | - | 4.077 |
| Orkukræfni tekna | kWst/ISK mlja. | - | - | - | 28.512 |
| Orkukræfni flatarmáls | kWst/m² | - | - | - | 63 |
| Orkukræfni rúmmáls | kWst/m³ | - | - | - | 21 |

# Hlutafjáraukning -
# til að tryggja hraða dreifingu á alþjóðamarkaði




©Klappir. All rights reserved.

# Frekari uppbygging á erlendum mörkuðum






**Klappir elta virðiskeðju viðskiptavina inn á nýja markaði með eftirfarandi aðferðafræði:**

- Sinna alþjóðamörkuðum í nánu samstarfi („regional partnership“) við aðila sem þekkja til á hverjum markaði og hafa reynslu í sölu og þjónustu á hugbúnaði og/eða umhverfistengdri starfsemi.
- Sinna alþjóðlegum atvinnugreinum eins og kaupskipaútgerðum og flugi með samstarfi við alþjóðleg fyrirtæki („global partnership“)

©Klappir. All rights reserved.

# Hröð dreifing tryggir samkeppnisforskot



- Á árunum 2016 og 2017 einbeittu Klappir sér að íslenska markaðnum. Á árinu 2018 var byrjað að byggja upp erlendis.
- Á árinu 2019 verður lögð áhersla á:
  - að vinna áfram með núverandi viðskiptavinum og fjölga viðskiptavinum jafnt og þétt á grundvelli þess grunns sem þegar hefur verið byggður.
  - að staðla enn frekar aðferðafræði fyrir erlenda markaði og tryggja að hægt sé að skala hugbúnaðinn upp hratt.
  - að styðja við ChartCo, Klappir Litháen og nýja aðila í markaðssetningu og að tryggja trausta þjónustu.
  - að aðlaga hugbúnaðarteymið að annarsvegar viðhaldi á þeim vörum sem þegar hafa verið þróaðar og síðan þróun á nýjum vörum.
  - að tryggja samkeppnisforskot Klappa með því að dreifa vörunni eins hratt og mögulegt er (sjá markmið um fjölgun notenda.




©Klappir.  All rights reserved.

# Ráðstöfun fjármagns



Markmið með útboðinu er að styðja við dreifingu á hugbúnaði félagsins á alþjóðlegum mörkuðum og fjölga notendum. Ráðstöfun fjármagns er eftirfarandi:

| | Lýsing | Kostnaður |
|---|---|---|
| 1 | Byggja upp sölu og ráðgjafastarfsemi erlendis í samvinnu við samstarfsaðila og hafa sérstakt félag Klappir Ísland sem þjónar íslenska markaðnum. | 90 millj. |
| 2 | Byggja upp tengingar við fyrirtæki sem þjónusta alþjóðlegan iðnað m.a. kaupskipaútgerðir (e.maritime) og flug (e.aviation). | 30 millj. |
| 3 | Áframhaldandi uppbygging á hugbúnaðarteyminu og sérhæfing gagnvart atvinnugreinum. Nýtt teymi byggt upp sem sinnir viðhaldi á hugbúnaði á meðan núverandi teymi þróar nýjar lausnir. | 55 millj. |
| 4 | Þjónustu- og markaðsteymi sem tryggir öflugan bakstuðning við samstarfsaðila bæði í markaðsmálum og tæknilegum stuðningi. | 40 millj. |
| | Sjóður | 10 millj. |
| | **Samtals** | **225 millj.** |



©Klappir. All rights reserved.

KLAPPIR

# Útgáfa



| Atriði | Klappir Grænar Lausnir hf. |
|---|---|
| **Kennitala** | 630914-1080 |
| **Heimilisfang** | Austurstræti 17, 101 Reykjavík |
| **Auðkenni í kauphöll** | KLAPP B |
| **ISIN nr.** | IS0000029171 |
| **Útgefnir hlutir** | A hlutir 50.000.000<br>B hlutir 66.500.000 |
| **Fyrirkomulag útboðs** | Lokað hlutafjárútboð |
| **Umsjónaraðili** | Centra Fyrirtækjaráðgjöf hf. |
| **Flokkur hlutabréfa** | B hlutir |
| **Fjöldi hluta** | 15.000.000 |
| **Hlutdeild í hlutafé (ef heimild er fullnýtt)** | 11,4% |
| **Verð á hlut** | Kr. 15,0 |
| **Umfang útboðs** | Kr. 225.000.000 |
| **Lágmarksáskrift** | Kr. 15.000.000 |
| **Kynningar- og sölutímabil** | 12. mars – 29. mars 2019 |

**Skattafrádráttur vegna hlutabréfakaupa í Klöppum**

Lög um breytingu á lögum um tekjuskatt og lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki voru samþykkt 11. desember 2018. Þau má finna hér:

https://www.althingi.is/altext/149/s/0666.html.

Þá gilda þau skilyrði sem sett eru um stærð og umfang og ýmislegt fleira (sbr. 30. gr. B laga um tekjuskatt) þegar hlutafjáraukningin á sér stað.

Klappir hafa sótt um það til ríkisskattstjóra að fjárfestar í Klöppum geti nýtt sér þetta ákvæði laganna.

KLAPPIR

©Klappir. All rights reserved.

# Fyrirvarar

- Kynningin byggir á upplýsingum frá stjórnendum Klappa, ásamt upplýsingum sem finna má í skjölum sem eru aðgengileg almenningi.
- Klappir og Centra bera ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem viðtakandi eða aðrir kunna að verða fyrir vegna kynningarinnar.
- Klappir og Centra bera enga ábyrgð á ákvörðunum sem kunna að vera teknar á grundvelli kynningarinnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðanna sem teknar kunna að vera á grundvelli kynningarinnar er hjá þeim sem þær taka.
- Kynningin var unnin í mars 2019.

KLAPPIR



KLAPPIR

Austurstræti 17
101 Reykjavík, Ísland
Phone: + 354 519 3800
service@klappir.com
www.klappir.com